# Orkuveita Húsavíkur ohf.

## Ársreikningur

## 2017

Orkuveita Húsavíkur ohf.
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík
kt. 641195-2359

# Orkuveita Húsavíkur ohf.

## Ársreikningur

## 2017

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2-3 |
| Skýrsla stjórnar | 4-5 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 8 |
| Skýringar | 9-19 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa í Orkuveitu Húsavíkur ohf.**

**Álit**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Orkuveitu Húsavíkur ohf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Orkuveitu Húsavíkur ohf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

• Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Húsavík, 13. apríl 2018

**Deloitte ehf.**

Hólmgrímur Bjarnason
endurskoðandi

Ragnar Jóhann Jónsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

**Meginstarfssemi félagsins**
Í samþykktum Orkuveitu Húsavíkur ohf. kemur fram að tilgangur félagsins sé orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfssemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfssemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

**Starfsemin á árinu 2017**
Orkuveita Húsavíkur ohf. starfar skv. reglugerð nr. 1227/2012 sem endurspeglar rekstrarform og kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Kjarnastarfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf. er vinnsla og dreifing heits og kalts vatns auk fráveitu.

Starfsemi Orkuveitu Húsavíkur var með nokkuð hefðbundnu sniði á árinu. Þó urðu breytingar á stjórn félagsins seinni hluta ársins þegar Erna Björnsdóttir, stjórnarformaður vék sæti vegna búferlaflutninga erlendis og Sigurgeir Höskuldsson tók sæti stjórnarformanns OH og Jón Helgi Björnsson sæti varamanns í stjórn félagsins.

Nokkrar breytingar urðu í starfsmannahaldi Orkuveitu Húsavíkur á árinu.
Jón Friðrik Einarsson og Björn Ægir Grétarsson voru ráðnir undir stjórn Karls V. Halldórssonar til þess að sinna framkvæmdum og viðhaldi á veitumannvirkjum félagsins, en Snorri Sigurðsson var færður yfir til þjónustumiðstöðvar á Húsavík sem tækjamaður. Snorri mun þó áfram vera veitunni innan handar við helstu verkefni eftir þörfum, sem og og aðrir starfsmenn þjónustumiðstöðvar skv. rammasamkomulagi.
Dagmar Kristjánsdóttir var ráðinn sem bókari hjá Orkuveitu Húsvíkur í stað Ingibjargar Árnadóttur, sem tók við starfi aðalbókara Norðurþings á árinu.
Orkuveita Húsavíkur er því í fyrsta skipti í nokkurn tíma skipuð þeim fimm starfsmönnum sem gert er ráð fyrir að séu til staðar til þess að sinna starfsemi félagsins, þrír sem sinna viðhaldi og framkvæmdum, ásamt tveimur starfsmönnum á skrifstofu félagsins.

Helstu nýframkvæmdir félagsins á árinu voru í tengslum við byggingu 22ja nýrra íbúða PCC-SR á svæði E í Holtahverfi. Framkvæmdir við uppbyggingu á svæðinu hófust seinna en áætlað var, en vegna sveigjanleika í rekstri veitunnar urðu vandamál sem sköpuðust í tengslum við þær tafir í algeru lágmarki.

Hafnar eru framkvæmdir við veitulagnir að væntanlegum sjóböðum á Húsavíkurhöfða. Til viðbótar við hefðbundnar veitur, er þar um að ræða veitulagnir frá holum FE-01 við Norðurgarð og HU-01 á Húsavíkurhöfða, en fyrirhugað er að nýta jarðsjó úr þeim holum til reksturs Sjóbaða ehf. Samið var við G.Hjálmarsson hf um jarðvegsframkvæmdir og lagningu veitulagna, en Orkuveita Húsavíkur sér um efniskaup og tengingar.

Viðhaldsframkvæmdum var sinnt í tengslum við bilanir í veitukerfum þegar þær komu upp, en engin stór eða óvænt áföll stóðu upp úr í því samhengi sem vert er að nefna.

Í tengslum við rannsóknir og þróun má nefna borun tilraunaholu við skólahúsnæði á Raufarhöfn sem fram fór undir lok ársins, með það að markmiði að athuga hvort þar væri að finna nýtanlegt vatn fyrir varmadælur til kyndingar á skólahúsnæði, íþróttahúsi og sundlaug. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða voru fengnir til verksins og boruð var 150 m djúp hola á lóð skólans við íþróttahús. Fyrstu vísbendingar lofa mjög góðu og gefa til kynna að þar sé að finna nægilegt vatnsmagn við ákjósanlegt hitastig fyrir rekstur varmadæla, en dæluprófanir eiga eftir að fara fram til þess að staðfesta þær vísbendingar.

Ársreikningur Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.
Hagnaður Orkuveitu Húsavíkur ohf. á árinu 2017 nam kr. 120.731.557. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 2.094.924.204, bókfært eigið fé í árslok er kr. 1.856.039.779 og er eiginfjárhlutfall félagsins 89%.

Félagið er 100% í eigu sveitarfélagsins Norðurþings.

Stjórn Orkuveitunnar samþykkti að leggja til við aðalfund að ekki verði greiddur arður til eiganda á árinu 2018.

# Skýrsla stjórnar

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Orkuveitu Húsavíkur ohf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Orkuveitu Húsavíkur ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Húsavík, 13. apríl 2018

**Í stjórn:**

**Framkvæmdastjóri:**

# Rekstrarreikningur ársins 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 3 | 392.746.415 | 350.802.219 |
| Aðrar tekjur | | 30.155.210 | 29.484.988 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 4 | (8.380.970) | (12.327.580) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (203.214.231) | (170.984.437) |
| Afskriftir fastafjármuna | 7 | (106.929.529) | (96.695.471) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 104.376.895 | 100.279.719 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 5 | 30.556.913 | 143.393.781 |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 134.933.808 | 243.673.500 |
| Tekjuskattur | 6 | (14.202.251) | (37.891.353) |
| **Hagnaður ársins** | | 120.731.557 | 205.782.147 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| Eignir | Skýr. | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | 1.448.284.654 | 1.401.341.076 |
| Eignarhlutir í dótturfélögum | 8 | 41.619.911 | 38.073.302 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 8 | 14.674.568 | 14.243.240 |
| Tekjuskattsinneign | 14 | 63.571.575 | 60.977.847 |
| | | 1.568.150.708 | 1.514.635.465 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 9 | 64.915.794 | 36.162.921 |
| Markaðsverðbréf | 10 | 224.130.977 | 830.951.462 |
| Kröfur á tengd félög | 17 | 0 | 90.949.715 |
| Aðrar skammtímakröfur | 9 | 31.699.511 | 3.462.990 |
| Handbært fé | 9 | 206.027.214 | 131.455.036 |
| | | 526.773.496 | 1.092.982.124 |
| **Eignir** | | 2.094.924.204 | 2.607.617.589 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 11 | | |
| Hlutafé | | 10.000.000 | 10.000.000 |
| Lögbundinn varasjóður | | 2.500.000 | 2.500.000 |
| Eiginfjárreikningur | | 1.843.539.779 | 1.822.808.222 |
| Eigið fé | | 1.856.039.779 | 1.835.308.222 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 12 | 8.759.776 | 620.967.224 |
| Lífeyrisskuldbinding | 13 | 88.789.902 | 92.121.375 |
| | | 97.549.678 | 713.088.599 |
| **Skammtímaskuldir** | 15 | | |
| Viðskiptaskuldir | | 32.008.651 | 25.154.800 |
| Næsta árs afborgun lífeyrisskuldbindingar | | 7.923.601 | 7.701.741 |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | | 1.592.686 | 1.343.578 |
| Skuldir við tengd félög | | 42.822.042 | 0 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 6 | 16.795.979 | 21.743.934 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 40.191.788 | 3.276.715 |
| | | 141.334.747 | 59.220.768 |
| Skuldir | | 238.884.425 | 772.309.367 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 2.094.924.204 | 2.607.617.589 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Hagnaður ársins | | 120.731.557 | 205.782.147 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | | 106.929.529 | 96.695.471 |
| Aðrir liðir | 17 | (32.319.509) | (113.351.583) |
| **Hreint veltufé frá rekstri samtals** | | 195.341.577 | 189.126.035 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) | | (56.989.394) | (9.732.902) |
| (Lækkun) hækkun rekstrartengdra skulda: | | | |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun | | 38.820.969 | 19.441.893 |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar | | (7.458.136) | (7.275.720) |
| **Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum samtals** | | (25.626.561) | 2.433.271 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 169.715.017 | 191.559.306 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| (Keyptir)/seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | (153.873.107) | (89.006.222) |
| (Keypt)/seld markaðsverðbréf | | 620.028.000 | (800.000.000) |
| (Keyptir)/seldir eignarhlutar í dóttur-/hlutdeildarfélögum | | (2.261.456) | (3.502.984) |
| (Hækkun)/lækkun á kröfum á tengd félög | | 90.949.715 | (90.949.715) |
| | | 554.843.152 | (983.458.921) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Greiddur arður | 11 | (100.000.000) | (80.000.000) |
| Afborganir langtímaskulda | | (592.808.033) | (1.159.506) |
| Hækkun/(lækkun) á skuldum við tengd félög | | 42.822.042 | (26.488.669) |
| | | (649.985.991) | (107.648.175) |
| Hækkun, (lækkun) handbærs fjár | | 74.572.178 | (899.547.790) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 131.455.036 | 1.031.002.826 |
| Handbært fé í lok árs | | 206.027.214 | 131.455.036 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Orkuveita Húsavíkur ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Orkuveita Húsavíkur ohf. vinnur og framleiðir varma og kalt vatn ásamt dreifingu og sölu á hvoru tveggja. Að auki sér félagið um uppbygginu og rekstur fráveitukerfa ásamt hverri þeirri starfssemi annari sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins svo sem iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

| | Meðalgengi ársins | | Árslokagengi | |
|---|---|---|---|---|
| | 2017 | 2016 | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
| Evra (EUR) | 122,43 | 130,59 | 125,40 | 119,46 |
| Bandaríkjadalur (USD) | 108,88 | 121,50 | 104,67 | 113,09 |

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færist matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er eignfærður og gjaldfæður á líftíma viðkomandi lána.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur félagsins greinast þannig eftir starfsþáttum:

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Hitaveita | 215.563.524 | 213.803.727 |
| Vatnsveita | 79.056.138 | 70.507.203 |
| Fráveita | 98.126.753 | 66.491.289 |
| | 392.746.415 | 350.802.219 |

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 8.380.970 | 12.327.580 |
| | 8.380.970 | 12.327.580 |
| Stöðugildi að meðaltali | 0 | 0 |

Frá og með september 2015 var öllum starfsmönnum félagsins sagt upp og þeir ráðnir til starfa hjá sveitarfélaginu Norðurþing, sem tók yfir alla umsýslu, viðhaldvinnu og rekstarumsjón þess. Tilgangur þessara breytinga er að ná fram hagræðingu með því að auka framlegð starfsmanna sveitarfélagsins og fyrirtækja þess.

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 24.846.189 | 17.442.108 |
| Verðbætur af skuldabréfaeign | 0 | 30.951.462 |
| Vaxtagjöld | (2.603.746) | (4.077.640) |
| Gengismunur | 6.597.988 | 96.734.034 |
| Afkoma eignarhluta í öðrum félögum | 1.716.482 | 2.343.817 |
| | 30.556.913 | 143.393.781 |

## 6. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi kr. 17.836.022. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2018 nemur kr. 20.429.750.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | 2017 | | 2016 | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| Hagnaður fyrir skatta | 134.933.808 | | 243.673.500 | |
| Skatthlutfall | 26.986.762 | 20,0% | 48.734.700 | 20,0% |
| Leiðrétt tekjuskattsskuldbinding 1.1. | 87.479 | 0,1% | 0 | 0,0% |
| Hlutdeild í afkomu undanþeginni tekjuskatti | (15.716.093) | -11,6% | (10.377.864) | -4,3% |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | (343.296) | -0,3% | (468.763) | -0,2% |
| Aðrir liðir | 3.187.400 | 2,4% | 3.280 | 0,0% |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | 14.202.251 | 10,5% | 37.891.353 | 15,6% |

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Veitu-mannvirki | Fasteignir | Vélar, tæki og búnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 2.764.789.326 | 213.883.301 | 33.198.640 | 3.011.871.267 |
| Eignfært á árinu | 150.950.798 | 2.088.068 | 834.241 | 153.873.107 |
| Staða í árslok | 2.915.740.124 | 215.971.369 | 34.032.881 | 3.165.744.374 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 1.489.209.753 | 100.694.511 | 20.625.927 | 1.610.530.191 |
| Afskrift ársins | 99.135.983 | 5.932.417 | 1.861.129 | 106.929.529 |
| Staða í árslok | 1.588.345.736 | 106.626.928 | 22.487.056 | 1.717.459.720 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 1.275.579.573 | 113.188.790 | 12.572.713 | 1.401.341.076 |
| Bókfært verð í árslok | 1.327.394.388 | 109.344.441 | 11.545.825 | 1.448.284.654 |
| Afskriftarhlutföll | 1-10% | 4-10% | 4-15% | |

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat |
|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir | 132.144.000 | 405.220.000 |
| Vélar og tæki, eignatryggingar | | 330.905.572 |
| Viðlagatrygging | | 5.604.035.000 |

## 8. Eignarhlutar í dótturfélögum og öðrum félögum

| | Hlutdeild | Nafnverð | Megin starfsemi |
|---|---|---|---|
| **Eignarhlutar í dótturfélögum:** | | | |
| Hitaveita Öxafjarðarhéraðs hf. | 50,77% | 33.000.500 | Hitaveita |
| **Eignarhlutar í öðrum félögum** | | | |
| Hrafnbjargarvirkjun hf. | 48,75% | 16.331.250 | Uppbygging raforkuvera |
| Íslensk orka ehf. | 31,45% | 1.828.835 | Orkuöflun og nýting orku |
| Sjóböð ehf. | 13,78% | 132.473 | Bygging og rekstur sjóbaða |
| Mýsköpun ehf. | 5,00% | 500.000 | Nýsköpun og atvinnuþróun |

**Eignarhlutar í dótturfélögum:**

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 38.073.302 | 34.149.504 |
| Hlutdeild í afkomu | 3.546.609 | 3.923.798 |
| Staða í árslok | 41.619.911 | 38.073.302 |

Sundurliðun á hlutdeild í afkomu og eigin fé greinist þannig:

| | Afkoma | | Eigið fé | |
|---|---|---|---|---|
| | 2017 | 2016 | 2017 | 2016 |
| **Eignarhlutar í dótturfélögum:** | | | | |
| Hitaveita Öxafjarðarhéraðs hf. | 3.546.609 | 3.923.798 | 41.619.911 | 38.073.302 |
| | 3.546.609 | 3.923.798 | 41.619.911 | 38.073.302 |
| **Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:** | | | | |
| Hrafnbjargarvirkjun hf. | (1.725.951) | (828.698) | 12.242.518 | 11.774.719 |
| Íslensk orka ehf. | (104.176) | (751.283) | 876.500 | 912.971 |
| | (1.830.127) | (1.579.981) | 13.119.018 | 12.687.690 |
| Samtals dóttur- og hlutdeildarfélög | 1.716.482 | 2.343.817 | 54.738.929 | 50.760.991 |

## 9. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 70.415.794 | 42.662.921 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (5.500.000) | (6.500.000) |
| | 64.915.794 | 36.162.921 |

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | (6.500.000) | (5.800.000) |
| Gjaldfært á árinu | 1.000.000 | (700.000) |
| Staða í árslok | (5.500.000) | (6.500.000) |

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

## 9. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 24.181.294 | 0 |
| Fjármagnstekjuskattur | 7.518.217 | 3.462.990 |
| | 31.699.511 | 3.462.990 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum | 204.850.150 | 47.232.303 |
| Óbundnar bankainnstæður í erlendri mynt | 1.177.064 | 84.222.733 |
| | 206.027.214 | 131.455.036 |

## 10. Markaðsverðbréf

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 830.951.462 | 0 |
| Keypt á árinu | 0 | 800.000.000 |
| Selt á árinu | (620.028.000) | 0 |
| Verðbreytingar | 13.207.515 | 30.951.462 |
| Staða í árslok | 224.130.977 | 830.951.462 |

## 11. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

| | Hlutir | Hlutfall | Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Heildarhlutafé í árslok | 10.000.000 | 100,0% | 10.000.000 |
| | 10.000.000 | 100,0% | 10.000.000 |

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 10.000.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2016 | 10.000.000 | 2.500.000 | 1.697.026.075 | 1.709.526.075 |
| Greiddur arður | | | (80.000.000) | (80.000.000) |
| Hagnaður ársins | | | 205.782.147 | 205.782.147 |
| Eigið fé 1.1.2017 | 10.000.000 | 2.500.000 | 1.822.808.222 | 1.835.308.222 |
| Greiddur arður | | | (100.000.000) | (100.000.000) |
| Hagnaður ársins | | | 120.731.557 | 120.731.557 |
| Eigið fé 31.12.2017 | 10.000.000 | 2.500.000 | 1.843.539.779 | 1.856.039.779 |

## 12. Langtímaskuldir

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|
| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
| Skuldir í EUR | 0 | 477.840.000 |
| Skuldir í USD | 0 | 133.050.385 |
| Skuldir í ISK | 10.352.462 | 11.420.417 |
| | 10.352.462 | 622.310.802 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (1.592.686) | (1.343.578) |
| Langtímaskuldir í árslok | 8.759.776 | 620.967.224 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Skuldir við lánastofnanir |
|---|---|
| Næsta árs afborganir | 1.592.686 |
| Afborganir 2019 | 1.592.686 |
| Afborganir 2020 | 1.592.686 |
| Afborganir 2021 | 1.592.686 |
| Afborganir 2022 | 1.592.686 |
| Afborganir síðar | 2.389.032 |
| | 10.352.462 |

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 6,05% | 0,61% |

## 13. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við starfsmenn félagsins. Samkvæmt tryggingafræðilegu mati nemur skuldbindingin 96,7 milljón króna og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram hækkanir á verðlagi. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu, 4,3 milljónir króna, er færð til gjalda í rekstrarreikningi meðal launa og tengdra gjalda. Sá hluti skuldbindingarinnar sem kemur til greiðslu á næsta ári nemur 7,9 milljónum króna og er færður meðal annarra skammtímaskulda.

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 99.823.116 | 94.771.256 |
| Greiddar lífeyrisskulbindingar á árinu | (7.458.136) | (7.275.720) |
| Reiknuð hækkun (lækkun) lífeyrisskuldbindingar á árinu | 4.348.523 | 12.327.580 |
| Staða í árslok | 96.713.503 | 99.823.116 |
| | | |
| Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar | 7.923.601 | 7.701.741 |
| Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar | 88.789.902 | 92.121.375 |
| Staða í árslok | 96.713.503 | 99.823.116 |

## 13. Lífeyrisskuldbinding (framhald)

Greiðslur vegna lífeyirsskuldbindinga í árslok greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Til greiðslu 2018 - 2022 | 24.761.252 |
| Til greiðslu 2023 - 2027 | 22.703.374 |
| Til greiðslu 2028 - 2032 | 18.465.785 |
| Til greiðslu 2033 og síðar | 30.783.092 |
| | 96.713.503 |

## 14. Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding)

| | Inneign/ (skuldbinding) |
|---|---|
| Staða 1.1.2016 | 77.125.266 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2016 | (37.891.353) |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2017 | 21.743.934 |
| Staða 1.1.2017 | 60.977.847 |
| Leiðrétting á tekjuskattsinneign 1.1.2017 | (87.478) |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2017 | (17.748.544) |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2018 | 20.429.750 |
| Staða 31.12.2017 | 63.571.575 |

Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding) greinast þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 51.161.700 | 56.429.132 |
| Lífeyrisskuldbinding | 19.342.701 | 19.964.623 |
| Viðskiptakröfur | 395.842 | 873.371 |
| Aðrir liðir | (7.328.667) | (16.289.279) |
| | 63.571.575 | 60.977.847 |

## 15. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 31.577.116 | 25.154.800 |
| Erlendar viðskiptaskuldir | 431.535 | 0 |
| | 32.008.651 | 25.154.800 |

### Aðrar skammtímaskuldir

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 0 | 1.788.519 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 238.351 | 674.012 |
| Ógreiddur kostnaður | 39.840.450 | 701.197 |
| Aðrar skuldir | 112.987 | 112.987 |
| | 40.191.788 | 3.276.715 |

## 15. Aðrar peningalegar skuldir

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 1.592.686 | 1.343.578 |
| Lífeyrisskuldbinding | 7.923.601 | 7.701.741 |
| | 9.516.287 | 9.045.319 |

## 16. Hreyfingar án greiðsluáhrifa

Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi greinast þannig.

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum | (19.150.307) | (108.531.303) |
| (Hækkun)/lækkun á markaðsverðbréfum | (13.207.515) | (30.951.462) |
| Afkoma eignarhluta í öðrum félögum | (1.716.482) | (2.343.817) |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 4.348.523 | 12.327.580 |
| Breyting á tekjuskattsinneign | (2.593.728) | 16.147.419 |
| | (32.319.509) | (113.351.583) |

## 17. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

| Viðskipti við tengd félög árið 2017: | Keypt þjónusta og vörur | Seld þjónusta og vörur | Kröfur | Skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Norðurþing, móðurfélag | 83.889.524 | 40.112.349 | | 42.822.042 |
| | 83.889.524 | 40.112.349 | 0 | 42.822.042 |

| Viðskipti við tengd félög árið 2016: | Keypt þjónusta og vörur | Seld þjónusta og vörur | Kröfur | Skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Norðurþing, móðurfélag | 88.666.317 | 37.730.633 | 90.949.715 | |
| | 88.666.317 | 37.730.633 | 90.949.715 | 0 |

## 18. Atburðir eftir lok reikningsskiladags og önnur mál

Í mars 2014 þingfesti Garðræktarfélag Reykhverfinga hf. stefnu á hendur Orkuveitu Húsavíkur ohf. vegna ágreinings um túlkun á afnotasamningi Orkuveitu Húsavíkur ohf. á heitu vatni í landi Garðræktarfélags Reykhverfinga hf. Orkuveita Húsavíkur ohf. gagnstefndi Garðræktarfélagi Reykhverfinga hf. í málinu og krafðist þess að gildandi samningi aðila um afnotarétt af heitu vatni í landi Garðræktarfélags Reykhverfinga hf. yrði breytt að því er varðar greiðslur Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir afnotaréttinn. Dómur gekk í hæstarétti í málinu þann 25. janúar 2018. Niðurstaðan varð sú að viðurkenndar voru leiðréttingar og framkvæmdir Orkuveitu Húsavíkur ohf. að því er varðar að draga fastagjald og kælivatn frá söluverði áður en afnotagjald Garðræktarfélags Reykhverfinga hf. er reiknað út, sem er mikilvæg niðurstaða til framtíðar. Hins vegar fékk Orkuveita Húsavíkur ohf. ekki viðurkennda kröfu um breytingu á verðákvæði samnings aðila og var fyrir vikið dæmt af hæstarétti til að greiða Garðræktarfélagi Reykjhverfinga hf. samtals 19.8 millj. kr. og fór sú greiðsla fram þann 5. febrúar 2018. Þar sem um er að ræða kostnað fyrri ára er nefnd fjárhæð gjaldfærð í rekstrarreikningi félagsins 2017 og meðal skammtímaskulda í árslok 2017.

## 19. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi 13. apríl 2018.

## 20. Kennitölur

| **Úr rekstrarreikningi:** | 2017 | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **Arðsemi** | | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) | 211.306.424 | 196.975.190 | 172.550.221 |
| a) Framlegðarhlutfall rekstrar | 0,54 | 0,56 | 0,54 |
| b) Hagnaðarhlutfall | 0,31 | 0,59 | 0,51 |
| c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS) | 12,07 | 20,58 | 16,45 |
| d) Arðsemi eigin fjár | 0,07 | 0,12 | 0,08 |

a) EBITDA/rekstrartekjur
b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur
c) Hagnaður/nafnverð hlutafjár
d) Hagnaður/meðalstaða eigin fjár

| **Úr efnahagsreikningi:** | 31.12.2017 | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|---|
| **Nýting fjármagns** | | | |
| f) Veltuhraði eigna | 0,17 | 0,13 | 0,11 |
| h) Veltuhraði viðskiptakrafna | 7,77 | 10,99 | 11,68 |

f) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna
h) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Greiðsluhæfi** | | | |
| j) Veltufjárhlutfall | 3,73 | 18,46 | 16,02 |

j) Veltufjármunir/skammtímaskuldir

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjárhagslegur styrkur** | | | |
| k) Eiginfjárhlutfall | 0,89 | 0,70 | 0,66 |
| l) Innra virði hlutafjár | 185,60 | 183,53 | 170,95 |

k) Eigið fé/heildarfjármagn
l) Eigið fé/hlutafé

## 20. Kennitölur (framhald)

| Úr sjóðstreymi ársins: | 2017 | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| m) Skuldaþekja handbærs fjár | 0,71 | 0,25 | 0,18 |
| o) Gæði afkomu | 1,41 | 0,93 | 0,99 |
| p) Gæði rekstrarhagnaðar | 1,38 | 1,93 | 1,66 |

m) Handbært fé frá rekstri/skuldir
o) Handbært fé frá rekstri/hagnaður
p) Handbært fé frá rekstri án vaxta/rekstrarhagnaður

| Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum | 2017 | 2016 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Laun og tengd gjöld/rekstrartekjur | 2,13% | 3,51% | -1,38% |
| Annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjur | 51,74% | 48,74% | 3,00% |
| Afskriftir/rekstrartekjur | 27,23% | 27,56% | -0,34% |
| **Rekstrargjöld/rekstrartekjur** | 81,10% | 79,82% | 1,28% |

## 21. Sjóðstreymisyfirlit

| | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður (tap) ársins | 120.731.557 | 205.782.147 | 164.501.657 | 104.763.531 | 178.039.751 |
| Afskriftir | 106.929.529 | 96.695.471 | 81.684.757 | 81.992.368 | 107.443.419 |
| Reiknaðir fjármagnsliðir | (29.725.781) | (129.499.002) | (83.537.360) | (19.819.439) | (126.144.183) |
| Aðrar breytingar | (2.593.728) | 16.147.419 | 10.700.434 | 11.890.053 | 28.186.510 |
| **Hreint veltufé frá rekstri** | 195.341.577 | 189.126.035 | 173.349.488 | 178.826.513 | 187.525.497 |
| Breyting á: | | | | | |
| Rekstrartengdum eignum | (56.989.394) | (9.732.902) | 624.739 | 3.462.446 | (1.411.337) |
| Rekstrartengdum skuldum | 31.362.833 | 12.166.173 | (11.685.004) | 5.504.814 | (19.682.224) |
| **Handbært fé frá rekstri** | 169.715.017 | 191.559.306 | 162.289.223 | 187.793.773 | 166.431.936 |

# Sundurliðanir

## Rekstrartekjur

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Orkusala | 294.619.662 | 284.310.930 |
| Fráveita | 98.126.753 | 66.491.289 |
| | 392.746.415 | 350.802.219 |

## Aðrar tekjur

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Leigutekjur | 4.600.030 | 4.783.970 |
| Aðrar tekjur | 25.555.180 | 24.701.018 |
| | 30.155.210 | 29.484.988 |

## Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 8.380.970 | 12.327.580 |
| | 8.380.970 | 12.327.580 |

## Annar rekstrarkostnaður

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Aðkeypt efni og vinna til endursölu | 944.820 | 0 |
| Rafmagn og hiti | 49.326.516 | 28.039.572 |
| Viðhald húsnæðis | 14.597 | 0 |
| Vinna starfsmanna - sala deilda | (2.548.860) | (38.891) |
| Vátryggingar | 2.795.749 | 2.619.195 |
| Fasteignagjöld | 3.240.927 | 3.108.747 |
| Annar húsnæðiskostnaður | 49.959 | 49.056 |
| Aðkeyptur akstur | 201.587 | 239.786 |
| Rekstur bifreiða | 753.631 | 634.887 |
| Rekstrarleiga bifreiða | 0 | 3.831 |
| Smááhöld | 1.647.416 | 2.218.580 |
| Viðhald áhalda og tækja | 13.538.549 | 20.188.242 |
| Styrkir og auglýsingar | 17.466.669 | 1.065.819 |
| Ferðakostnaður | 176.464 | 231.063 |
| Áhöld og tæki | 3.724.100 | 3.398.076 |
| Opinber gjöld, félagsgjöld og eftirlitsgjöld | 760.323 | 799.446 |
| Funda- og viðskiptakostnaður | 116.800 | 0 |
| Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur | (118.434) | 557.504 |
| Annar starfsmannakostnaður | 977.788 | 184.189 |
| Skrifstofukostnaður | 83.308.560 | 68.039.389 |
| Verktakar | 24.804.129 | 38.441.506 |
| Sérfræðiþjónusta | 2.032.941 | 1.204.440 |
| | 203.214.231 | 170.984.437 |